

Umhverfissráðuneytið
Hugi Ólafsson
skrifstofustjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. júní 2012
2012050028/42-0
TB
jgo/tb

Rannsóknaleyfi vegna áætlana um virkjanir í efri hluta Skjálfandafljóts

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 29. maí 2012, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknaleyfi vegna áætlana um virkjanir í efri hluta Skjálfandafljóts. Virkjanirnar eru í biðflokk samkvæmt tillögu til þingsályktunar um rammaáætlun.

Í innsendum gögnum kemur fram að helstu rannsóknir sem fyrirhugað er að fara í, svo unnt sé að taka ákvörðun um frekari undirbúning virkjunar þ.e. frumhönnun, eru frekari mælingar á rennsli, aurburðarmælingar, mælingar á lónsstæði og stíflustæði, yfirborðskortlagning berglagastaflans (boranir látnar bíða til seinni áfanga), orkugetu- og kostnaðarreikningar og forathugun með endurskoðun tilhögunar virkjana í huga og umfjöllun um líkleg umhverfisáhrif og skoðun á hvað þurfi að kanna betur til að hægt sé að fara í frumhönnun og síðar verkhönnun. Landsvirkjun gerir ráð fyrir að í lok rannsóknaleyfistímabilsins muni megin drættir tilhögunar virkjunar liggja fyrir þannig að hægt verði að fjalla um hana í aðalskipulagi ef framhald verið á rannsóknum. Jafnframt telur Landsvirkjun að fara þurfi í ýmsar umhverfissrannsóknir vegna umhverfismats áætlana s.s. könnun á vatnalífi, mögulegum uppgræðsluaðgerðum til mótvægis töpuðu gróðurlendi, hugað verður að vega og slóðagerð og kannaðar leiðir til að draga úr áhrifum á fossa.

Umsögn

Í lögum nr. 48/2011 um vernd- og orkunýtingaráætlun segir í 5. gr. um biðflokk: *Í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. hvort þeir eigi að falla í orkunýtingarflokk eða verndarflokk. Af framangreindu má vera ljóst að næsta skref skv. lögnum hlýtur að vera að afla gagna sem eiga að undirbyggja hvort setja skuli virkjanir í Skjálfandafljóti í verndar- eða orkunýtingarflokk áður en t.d. farið er í breytingar á aðalskipulagi eða mat á umhverfisáhrifum þar sem ákveðin útfærsla orkuvinnslu er metin með það að markmiði að fara í virkjunarframkvæmdir.*

Jafnframt segir í 5. gr.: *Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokk. Að mati Náttúrufræðistofnunar gildir þetta um leyfi til*



rannsóknna þar sem orkuvinnslan sjálf er megin efni þeirra.

Ennfremur segir: *Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.*

Niðurstaða

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að leyfa rannsóknir aðrar en þær sem hægt er að leggja til grundvallar ákvörðun um hvort virkjanir í efri hluta Skjálfandafhljóts eigi að fara í verndar- eða orkunýtingarflokk svo og orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar sbr. framangreinda 5. gr. en þar undir geta t.d. fallið rennslismælingar, nákvæm kortagerð og könnun á uppgræðsluaðgerðum. Það eigi því að biða með allar rannsóknir sem miða fyrst og fremst að því að kanna t.d. jarðfræðilegar aðstæður fyrir rennslisgöng eða stíflur o.s.frv. sem eru til þess ætlaðar að undirbyggja hvort virkjun/orkuvinnsla sé fýsilegur kostur tæknilega / verkfræðilega og fjárhagslega. Ákvörðun um hvort virkjunarkostur eigi að fara í verndarflokk eða ekki hlýtur að ráða úrslitum um hvort virkjunarkostur fari í orkunýtingarflokk eða ekki því ef möguleg orkunýting réði þar úrslitum þá færu nánast allir virkjunarkostir í orkunýtingarflokk en það er ekki tilgangur laga nr. 48/2011. Mat á umhverfisáhrifum tiltekinnar framkvæmdar er ekki það ferli sem ræður því hvernig virkjunarkostur raðast í flokka skv. rammaáætlun og lögum nr. 48/2011.

Að mati Náttúrufræðistofnunar snýr næsta verkefni að því að meta hvort virkjanir í efri hluta Skjálfandafhljóts eigi að fara í verndarflokk eða ekki. Allar rannsóknir, s.s. á vatnalífi eða lífríki almennt, jarðfræði, landslagi og víðernum, sem stuðla að því að auðvelda mat á verndargildi svæðisins á því að vera hægt að heimila. Eðlilegt er að skýrar línur liggi fyrir um það hvaða skerf skuli stigin, m.t.t þeirra laga sem kunna að gilda um fyrirhugaða virkjun, svo að virkjanir í biðflokki séu ekki „allt í einu“ komnar í mat á umhverfisáhrifum eða um þær sé fjallað í aðalskipulagi áður en ákvörðun um flokkun þeirra skv. lögum nr. 48/2011 liggur fyrir.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

